

Íslendingar standa með strandveiðum – nú er lag að bæta við pottinn

Þá er það komið á hreint, Íslendingar standa með strandveiðiflotanum. Í könnun á vegum félagsvísindastofnunar kemur fram að þrír af hverjum fjórum Íslendingum vilja að bætt verði í strandveiðipottinn. Þetta eru afgerandi niðurstöður sem erfitt verður fyrir stjórnvöld að hunsu. Jafn áhugavert er að skoða þær ástæður sem gefnar eru fyrir styrkingu strandveiðikerfisins. Jákvæð byggðapróun, sanngjarn aðgangur að auðlindinni, atvinnumöguleikar einstaklinga og betri umgengni um auðlindina voru þau atriði sem flestir töldu að ættu að vera markmið strandveiða.

Á sama tíma telur meirihluti Íslendinga íslenskan sjávarútveg vera spilltan, mengandi og skapa verðmæti fyrir fáa. Engu að síður virðist þjóðin vera staðföst í skoðun sinni að fiskveiðar séu mikilvægar fyrir efnahag landsins. Könnunin sýnir því ekki eingöngu að þjóðin sé vel meðvituð um hvernig kvótakerfið hefur grafið undan atvinnumöguleikum þjóðarinnar og tekið sjálfsákvörðunarrétt af fólki heldur líka hvernig megi lagfæra það sem aflaga hefur farið í kerfinu. Það er greinilega sterk réttlætiskennd í landinu sem sést á skoðunum almennings um hvað myndi stuðla að sátt um sjávarútveginn. Efst á lista eru gagnsæi á kvótageign, hækkuð veiðigjöld, ákvæði í stjórnarskrá að þjóðin eigi fiskinn, bann á framsali kvóta, og auknar smábátaveiðar.

Þjóðin sér það sem matvælaráðherra neitar að horfast í augu við. Þjóðin sér ofríki og græðgi örfárra einstaklinga sem hafa fengið frítt spil til að soga til sín arðinn af auðlindinni okkar en skilja hvert sjávarplássið af fætur öðru eftir í rúst. Hún sér hvernig kvótakóngarnir hafa notað arðinn til þess að þenja umsvif sín langt út fyrir fiskveiðar þar sem þeir eiga nú og stjórna stórum hluta fjölmiðlamarkaðarins, fasteignamarkaðarins og tryggingarfyrirtækja. Hún sér hvernig ítök og afskipti sægreifanna í stjórnámálum hafa leitt til aukinnar spillingar og stjórnsýslulegs fúsks.

Eins er það furðulegt að litlir og meðalstórir kvótageigendur hringinn í kringum landið standi í fylkingu á bakvið stærstu og ósvífnustu fjölskyldurnar. Það eru tiltölulega fá – en þó óhóflega stór og valdamikil – fyrirtæki sem svarta ímynd sjávarútvegsins í heild. Fjölmargir kvótageigendur um allt land standa ekki í því svindli og braski sem hinir stóru kvótakóngar stunda grimmt, heldur vilja einfaldlega byggja upp arðbær fyrirtæki og efla atvinnulífið í sinni heimabyggð. Því miður verða þessi fyrirtæki einnig fyrir barðinu á því svarta orðspori sjávarútvegsins sem sægreifarnir hafa valdið útgerðum. Vonandi fær þessi könnun einhverja til þess að hugsa sig tvisvar um þegar kemur að stuðningi við ósvífna starfshætti SFS.

Íslenskur sjávarútvegur þarf þó ekki að örvænta því á Íslandi fyrirfinnst öflugur smábátafloki og trillukarlar og konur til að stýra honum. Eins og staðan er núna er ekki hægt að lifa á strandveiðum, hvað þá að byggja upp fyrirtæki frá grunni og hasla sér völl innan sjávarútvegs. Hlutdeild strandveiða af heildarafla innan kvótakerfisins er á bilinu 1,5-2%. Það er því ekki mikið sem vantar upp á til þess að dæmið gangi upp hjá trillukörlum og konum og vel hægt að finna þær litlu aflaheimildir sem til þarf án þess að ganga óhóflega á heimildir annarra og skaða önnur fyrirtæki innan geirans.

Íslendingar eru í einstakri stöðu á heimsvísu. Krafan úti í hinum stóra heimi um vistvænar og félagslega ábyrgar vörur verður æ háværi, og þar eru trillurnar fremstar meðal jafningja. Við getum valið að vera leiðandi afl í vistvænum og félagslega ábyrgum veiðum, því grunnurinn er þegar fyrir hendi. Það eina sem þarf til er að tryggja það að trillukarlar og konur geti haft lífbrauð af smábátasjómennsku. Nú er lag að bæta við strandveiðipottinn.